

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B115-119

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar galli á bls. 1926.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 115-119

Nr. 760-790

2004

Efnisyfirlit B 115–119 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
760	17. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003.....	1897-1899
761	17. sept.	Reglugerð um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka án smáfiskaskilju	1899-1900
762	20. sept.	Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1900
763	20. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, Ásbyrgi	1901
764	15. sept.	Auglýsing um hættumat fyrir Ólafsvík	1901
765	20. sept.	Reglugerð um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka án smáfiskaskilju	1902
766	23. sept.	Reglugerð um bann við rækjuveiðum norður af Rífsbanka ..	1903
767	24. sept.	Auglýsing um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2005	1904
768	1. sept.	Gjaldskrá fyrir Þórshafnarhöfn	1905-1909
769	20. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um útlendinga, nr. 53 23. janúar 2003, með síðari breytingu	1909-1915
770	7. sept.	Gjaldskrá fyrir Borgarfjarðarhöfn	1915-1916
771	16. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit ..	1916-1917
772	20. sept.	Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Snæfellsbæ	1917
773	14. sept.	Gjaldskrá fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna bygginga og framkvæmda í Skaftárhreppi	1918
774	20. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Ásvelli, íþróttá- og útivistarsvæði Hauka“ í Hafnarfirði	1919
775	2. sept.	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaskipum	1919-1944
776	17. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hafnarfjörð – miðbæ vegna Strandgötu 50 A“ í Hafnarfirði	1945
777	17. sept.	Reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VII)	1945-1955
778	28. sept.	Auglýsing um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1955
779	21. sept.	Gjaldskrá fyrir Skagafjarðarhafnir	1956-1960
780	17. sept.	Reglur um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning, með síðari breytingum	1960
781	20. sept.	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum) (VII) ..	1961
782	20. sept.	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (VII)	1961-1962
783	30. júní	Reglur um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri	1962

STJÓRNARTÍÐINDI B 115 – 2004

17. september 2004

1897

Nr. 760

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Nefndin auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki sérstaklega fyrir haustönn og vorönn, ásamt sumarönn. Auglýsa skal eftir umsóknum vegna haustannar fyrir 1. september ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 15. október sama ár. Auglýsa skal eftir umsóknum vegna vor- og sumarannar fyrir 1. desember ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 15. febrúar næsta árs. Birta skal auglýsingar um námsstyrki í dagblöðum og með öðrum sannanlegum hætti. Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita umsókn viðtöku í mánuð eftir auglýstan umsóknarfrest og skal styrkur þá skertur um einn hundraðshluta fyrir hvern dag fram yfir frest dag.

b. 5. mgr. orðast svo:

Útborgun námsstyrkja skal fara fram í tvennu lagi og við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 10. janúar, 10. júní og 1. september ár hvert. Almenn skilyrði útborgunar eru að skóli hafi staðfest námsárangur eða námsástundun nemandans í lok haustannar, í lok vorannar og lok sumarannar. Sérstök skilyrði fyrir útborgun námsstyrks vegna sumarannar eru að nemandi hafi ekki nýtt sér rétt til að sækja um námsstyrk á næstliðinni haust- eða vorönn.

2. gr.

Ný fylgiskjöl, nr. I og II, sem birt eru með reglugerð þessari, koma í stað fylgiskjala nr. I og II með reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 8. gr. laga um námsstyrki, nr. 79/2003 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. september 2004.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Fylgiskjal I.

Framhaldsskólanám á fyrsta ári sem er óstyrkhæft ef lögheimili fellur undir neðangreind pósthúmer/svæði.

Nám:	Pnr:																		
	101-155	170-203	200-203	210-221	220-225	230-235	260-270	270-300	300-350	400-410	550-603	640-641	650-701	700-7506					
	Reykjavík	Seljavágs	Kopavogur	Gaðabær	Hafnarfjörður	Sveig Alþanes	Keravík	Njarvík	Mosfellsbær	Ákureyri	Hasavík	Laugar	Egilsstöðir	Neskaupstaður	Höfn	Seljavágs	Laugarvatn	Vestmannaeyjar	
Alit nám á 1. ári	X	X	X	X	X		X												
Almenn námsbraut								X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Ferðalögnustubraut					X														
Ferðamálanám																			
Félagsfræðibraut					X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Félagsmála- og tónstundabraut					X														
Fluglögnustubraut						X	X												
Handlæðibraut										X									
Hússjórnibraut								X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Íþróttir, starfsnám						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Listnámsbraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Mataræknibraut																			
Málbraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Náttúrufræðibraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sjávarútvegsbraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sjúkraliðibraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Tölvubraut										X									
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Vélsjórnibraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Vélarbarnám						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Viðskiptibraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Íðnnám, samningsbundin						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hársnyrtiðin						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Grunnnám málmíðngreina						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Grunnnám í biliðnum						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Grunnnám í rafliðnum						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Grunnnám bygginga- og mannv. gr.						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Grunnnám matvælagreina						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sérdeildir, starfsbraut						X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

*) Umhverfis Laugar að þjóðvegi I.
 **) Þéttbýlið.

Fylgiskjal II.**Póstnúmer/svæði í nágrenni framhaldsskóla.**

Skóli	Nágrenni skóla pnr./svæði
Framhaldsskólar á höfðuðborgarsvæðinu og nágrenni ¹⁾	101-225;270
Framhaldsskólar í Reykjanesbæ	230;235;260
Framhaldsskólar á Akranesi	300;301 ²⁾
Framhaldsskólar í Grundarfirði	350 ³⁾
Framhaldsskólar á Ísafirði	400;410
Framhaldsskólar á Sauðárkróki	550
Framhaldsskólar á Akureyri	600;603
Framhaldsskólar á Húsavík	640
Framhaldsskólinn á Laugum	650;641 ⁴⁾
Framhaldsskólar á Neskaupstað	740
Framhaldsskólar á Egilsstöðum	700;701 ⁵⁾
Framhaldsskólar á Höfn í Hornafirði	780
Framhaldsskólar á Selfossi	800
Menntaskólinn að Laugarvatni	840
Framhaldsskólar í Vestmannaeyjum	900

1) Reykjavíkurborg; Seltjarnarneskaupstaður; Kópavogsbær; Garðabær; Mosfellsbær; Hafnarfjarðarkaupstaður; Sveitarfélagið Álftanes.

2) Innri-Akraneshreppur: Frá Miðgarði að Akranesi.

3) Grundarfjarðarbær: Milli Lárvaðals og Grjótár.

4) Þingeyjarsveit: Umhverfis Laugar að Þjóðvegi 1.

5) Fellabær.

REGLUGERÐ**um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka án smáfiskaskilju.****1. gr.**

Veiðar með fiskibotnvörpu á svæði á Rífsbanka eru því aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og búnað smáfiskaskilju með síðari breytingum. Svæði þetta markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67° 12'00 N – 16° 05'00 V
2. 67° 16'00 N – 15° 17'00 V
3. 67° 03'00 N – 14° 23'00 V

4. 66° 58'00 N – 14° 37'00 V
5. 67° 10'00 N – 15° 14'00 V
6. 67° 05'00 N – 15° 50'00 V
7. 66° 53'00 N – 15° 37'00 V
8. 66° 53'00 N – 15° 50'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 21. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 107, 18. febrúar 2003, um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. september 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindu tímabili, verð- og magntolli, vegna innflutnings á spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9004	Spergilkál	21.09.-30.09.04	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, Ásbyrgi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 frá 1. september 2000.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Reitur með blandaðri landnotkun fyrir verslun, þjónustu og íbúðir breytist í verslunar- og þjónustusvæði. Reiturinn minnkar úr 5,1 ha í 3,8 ha.
- Lega Ásbyrgisvegur breytist og tenging hans við þjóðveg 85 færist um 400 m til austurs. Skilgreining vegarins breytist úr stofnvegi í landsveg í samræmi við skilgreiningu Vegagerðarinnar.
- Opið svæði til sérstakra nota stækkar til norðurs vegna fyrirhugaðrar stækkunar tjaldsvæðisins.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kelduneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Ólafsvík.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 15. september 2004 staðfest tillögur hættumatsnefndar Snæfellsbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Ólafsvík.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. september 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 2004

Nr. 765

1902

20. september 2004

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka án smáfiskaskilju.

1. gr.

Veiðar með fiskibotnvörpu á svæði á Rífsbanka eru því aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og búnað smáfiskaskilju með síðari breytingum. Svæði þetta markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67° 12'00 N – 16° 05'00 V
2. 67° 16'00 N – 15° 17'00 V
3. 67° 03'00 N – 14° 23'00 V
4. 66° 58'00 N – 14° 37'00 V
5. 66° 52'00 N – 15° 50'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 21. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 761, 17. september 2004, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka án smáfiskaskilju.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 116, nr. 765. Útgáfudagur 21. september 2004.

STJÓRNARTÍÐINDI B 117 – 2004

23. september 2004

1903

Nr. 766

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum norður af Rífsbanka.

1. gr.

Frá og með 27. september 2004 eru allar rækjuveiðar óheimilar norður af Rífsbanka, á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1. 67° 20'00 N – 15° 00'00 V
2. 67° 15'00 N – 15° 00'00 V
3. 66° 58'00 N – 13° 45'00 V
4. 67° 10'00 N – 13° 45'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. september 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2005.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að hámarki 0,64 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2005 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárefirlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2005.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998, um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 722 frá 23. september 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. september 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 2004

1. september 2004

1905

Nr. 768

GJALDSKRÁ

fyrir Þórshafnarhöfn.

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Þórshafnarhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestargjald.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mánuði. Bátar minni en 20 bt. greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi á annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarahöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 12. gr.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurlíðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. fl: Gjald kr. 173,50 fyrir hvert tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl: Gjald kr. 334,00 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl: Gjald kr. 360,60 fyrir hvert tonn:
- Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl: Gjald 1,60%: Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109,00.

13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olúflutningaskipa, sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum. Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olúflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- í athugasemdareitunum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- undir lið 5.2. í fylgiskjali af gerð B við alþjóðamengunarvarnarskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

Þjónustugjöld.

14. gr.

<i>Vogargjöld</i>	<i>Gjald kr.</i>
Vigtun sjávarafla	0,41
Útkall vegna vigtunar	1.320
Lágmarksgj. vegna einstakrar vigtunar	302
Útkall vegna vigtunar – lágmark	5.280
Kranagjald pr. kg	0,19

<i>Vatnsgjöld</i>	<i>Gjald kr.</i>
Vatn afgreitt frá bryggju pr. tonn	143
Tengigjald vegna vatns	1.100
 <i>Rafmagn</i>	
Skiparafmagn (skv. gjsk. Rarik)	8,13
Rafmagn	9,05
 <i>Hafnarvernd</i>	
Komugjöld vegna hafnarverndar, fyrir hverja komu	10.000
Öryggisgæsla pr. dv. (með vsk)	1.672
Öryggisgæsla pr. nv. (með vsk)	2.820
 <i>Hafnsögugjöld</i>	
Hafnsögugjöld hver mælieining	3,96
Flutningur hafnsögumanns	12.000,00
Fast gjald pr. skip	1.760,00
 <i>Önnur þjónustugjöld</i>	
Festargjöld skipa	6.600,00
Leiga fyrir 20 feta gáma (mánaðargjald)	1.408,00
Leiga fyrir 40 feta gáma (mánaðargjald)	2.113,00
Gjald fyrir skammtímageymslu veiðarfæra og búnaðar á hafnarbakka (frítt fyrstu fimm dagana) síðan pr. sólarhring	2.935

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda skv. hafnalögum.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar

fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

18. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari skv. 20. gr. hafnalaga er lagður 24,5% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

19. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veði í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Gildistaka.

20. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Þórshafnarhöfn er samþykkt af hafnarnefnd Þórshafnarhrepps 1. september 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum og er til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir Þórshafnarhöfn.

Þórshöfn, 1. september 2004.

Hafnarstjórinn á Þórshöfn,

Björn Ingimarsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um útlendinga,
nr. 53 23. janúar 2003, með síðari breytingu.**

1. gr.

6. mgr. 12. gr. orðast svo:

Gildistími vegabréfs, eða annars kennivottorðs sem viðurkennt er sem ferðaskilríki, skal vera a.m.k. þrjú mánuðir fram yfir áætlaða dvöl hér á landi.

2. gr.

19. gr. breytist þannig:

- a. Á eftir d-lið 2. mgr. kemur nýr stafliður, er verður e-liður, er orðast svo: Þegar vegabréfsáritun eða önnur skammtímaáritun er veitt fyrir ferðamann skal framvísa sönnun þess að viðkomandi hafi gilda sjúkrakostnaðar- og heimferðartryggingu sem taki til allra útgjalda sem til falla vegna heimferðar vegna veikinda, nauðsynlegrar sjúkraþjónustu og/eða bráðaþjónustu á sjúkrahúsi.
- b. Núverandi e-liður 2. mgr. verður f-liður.

3. gr.

2. másl. 25. gr. orðast svo: Framlengd áritun gildir að jafnaði einungis fyrir Ísland.

4. gr.

Við 32. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Útlendingur, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og átt hefur hér lögheimili í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, þarf ekki sérstakt dvalarleyfi, enda séu bæði ógift og hinn íslenski ríkisborgari hafi haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.

5. gr.

34. gr. breytist þannig:

a. 2. mgr. orðast svo:

Útlendingur sem sækir um dvalarleyfi skal hafa náð 18 ára aldri. Útlendingur yngri en 18 ára getur einungis fengið dvalarleyfi í tengslum við dvalarleyfi foreldris eða forsjármanns. Frá þessu má víkja ef:

- a. barn hefur sérstök tengsl við landið eða þá aðila sem það hyggst búa hjá hér á landi,
- b. lögformlega hefur verið gengið frá því í heimaríki barns að forsjá þess flytjist til þess aðila sem mun annast það hér á landi og
- c. niðurstaða könnunar barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem barnið hyggst dveljast hér á landi mæli ekki gegn því.

Útlendingastofnun getur enn fremur ákveðið að víkja frá skilyrðum 1. og 2. másl. liðar ef ríkar sanngirnissáttæður mæla með því.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, er verður 3. mgr., er orðast svo:

Með mál barns sem er útlendingur og statt er leyfislaust hér á landi án foreldra eða forsjáraðila skal farið samkvæmt verklagsreglum sem Útlendingastofnun setur um vegalauð börn.

6. gr.

Í stað orðanna „skv. c-lið 35. gr.“ í 2. másl. 4. mgr. 36. gr. kemur: skv. c-, f- og g-lið 35. gr.

7. gr.

38. gr. breytist þannig:

a. Í stað orðanna „gefið út“ í 1. mgr. kemur: samþykkt.

b. 4. mgr. orðast svo:

Þegar Útlendingastofnun hefur gefið út dvalarleyfi skal það sent til lögreglustjóra í því umdæmi þar sem leyfishafi hefur lögheimili og skal leyfishafi gefa sig þar fram til að fá það afhent.

8. gr.

39. gr. breytist þannig:

a. Á eftir orðinu „hjúskaparvottorð“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: vottorð um hjúskaparstöðu.

b. Í stað orðanna „sbr. 64. gr.“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: sbr. 8. mgr. 29. gr. útlendingalaga og 64. gr. reglugerðar þessarar.

9. gr.

40. gr. breytist þannig:

a. 1. mgr. orðast svo:

Dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn skal að jafnaði gefið út til eins árs. Heimilt er að víkja frá þessu ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Dval-

arleyfi flóttamanna sem koma til landsins á grundvelli 51. gr. útlendingalaga skulu gefin út til þriggja ára.

- b. Í stað orðsins „dvalarleyfisskírteinis“ í lokamálslið 3. mgr. kemur: dvalarleyfis.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Dvalarleyfi fellur niður ef útlendingur flytur frá Íslandi eða dvelur lengur en þrjá mánuði erlendis samfellt. Þótt dvalarleyfi falli niður kemur það ekki í veg fyrir að útlendingur geti sótt um endurnýjun á grundvelli 41. gr. ef það er gert innan upphaflegs gildistíma dvalarleyfisins og sanngirnissástæður mæla með því.

10. gr.

Orðið „þinglýstan“ í 3. mgr. 44. gr. fellur brott.

11. gr.

47. gr. breytist þannig:

- a. 1. másl. a-liðar 2. mgr. orðast svo: Maki, eldri en 24 ára.
- b. b-liður 2. mgr. orðast svo: Samvistarmaki, eldri en 24 ára.
- c. 1. másl. c-liðar 2. mgr. orðast svo: Sambúðarmaki, eldri en 24 ára, ef aðilar geta sýnt fram á að hafa búið saman í skráðri sambúð eða sambúð sem staðfest er með öðrum hætti í að minnsta kosti tvö ár og hyggjast búa áfram saman.
- d. f-liður 2. mgr. orðast svo: Ættmenni viðkomandi eða maka hans að feðgatali eldri en 66 ára og á þeirra framfæri.
- e. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir hann þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja hjóna.

12. gr.

50. gr. breytist þannig:

- a. Í stað 3. másl. 1. mgr. 50. gr. koma tveir nýir máslíðir er orðast svo: Vottorð um þátttöku í námskeiði skal gefið út af námskeiðshaldara sem lokið hefur prófi frá skóla sem menntamálaráðuneytið hefur samið við um kennaranám vegna kennslu íslensku fyrir útlendinga. Námskeiðshaldari sem dómsmálaráðuneytið hefur samþykkt getur einnig gefið út slík vottorð.
- b. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Vottorðið skal gefið út af þeim sem metinn er hæfur af skóla, sem menntamálaráðuneytið hefur samið við um kennaranám vegna kennslu íslensku fyrir útlendinga eða til að halda próf í íslensku fyrir útlendinga sem hyggjast sækja um búsetuleyfi, eða prófahaldara sem dómsmálaráðuneytið hefur viðurkennt.

13. gr.

Við 55. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Útlendingastofnun getur vísað útlendingi frá landi á grundvelli 18. gr. útlendingalaga ef meðferð málsins hefst innan níu mánaða frá komu útlendingis til landsins.

14. gr.

63. gr. breytist þannig:

- a. e-liður 1. mgr. orðast svo: dvalarleyfi og vegabréfsáritanir sem hafa verið gefin út af aðildarríki sammings milli Íslands, Noregs og ráðs Evrópusambandsins frá 19. janúar

- 2001 um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi, Noregi eða í aðildarríki Evrópusambandsins.
- b. Í stað orðsins „Dyflinnarsamningnum“ í 2. mgr. kemur: samningi milli Íslands, Noregs og ráðs Evrópusambandsins frá 19. janúar 2001 um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi, Noregi eða í aðildarríki Evrópusambandsins.

15. gr.

Á eftir 64. gr. kemur ný grein, er verður 64. gr. a., er orðast svo:

Útlendingastofnun heldur heildarskrá um útlendinga og þau erindi sem stofnuninni berast. Skráin geymir upplýsingar um þá sem sækja um dvalarleyfi, þá sem sækja um hæli, þá sem er brottvísað eða frávísað og þá sem sækja um vegabréfsáritun. Í skránni eru, auk myndar af útlendingi, geymdar upplýsingar um:

- a. nafn, fæðingardag, kennitölu og kyn,
- b. ríkisfang, fæðingarstað og fæðingarland,
- c. hjúskaparstöðu og fjölskyldu,
- d. leyfi,
- e. vegabréf og
- f. vinnustað.

Hinn skráði á rétt á að fá vitneskju um hvaða upplýsingar um hann eru skráðar í heildarskrá um útlendinga. Hann á einnig rétt á að fá upplýsingar um hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann, nema slíkar upplýsingar eigi að fara leynt vegna lögreglustarfa.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal Útlendingastofnun sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmunum hins skráða.

Heimilt er að veita lögreglu aðgang að upplýsingum sem Útlendingastofnun heldur í heildarskrá sinni um útlendinga að því marki sem nauðsynlegt er vegna lögreglustarfa.

Útlendingastofnun ber ábyrgð á öryggi við vinnslu upplýsinga samkvæmt þessari grein. Upplýsingum skal eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf.

16. gr.

69. gr. breytist þannig:

- a. 2. mgr. orðast svo:

Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, sbr. 73. gr., má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári hafi hann leyfi sem jafngildir óbundnu atvinnuleyfi í EES- eða EFTA-ríki og er ráðinn hjá aðila sem veitir þjónustu og hefur staðfestu eða starfsemi þar. Leggja má að jöfnu við óbundið atvinnuleyfi að útlendingurinn hafi starfað á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis í EES- eða EFTA-ríki í þrjú samfelld ár hið minnsta.

- b. Á eftir orðinu „dvalarleyfi“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: eða búsetuleyfi.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir útlendinga sem falla undir EES-samninginn eða stofnsamning EFTA.*

17. gr.

70. gr. breytist þannig:

- a. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Um skilyrði útgáfu búsetuleyfis fyrir EES-eða EFTA-útlending gilda ákvæði 15. gr. útlendingalaga og VIII. kafla reglugerðarinnar.

- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skilyrði dvalarleyfis og búsetuleyfis.*

18. gr.

Við 1. mgr. 71. gr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Þar til 1. maí 2006 getur launþegi sem er ríkisborgari Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands eða Ungverjalands ekki fengið dvalarleyfi á grundvelli a-liðar 1. mgr. 36. gr. útlendingalaga. Til sama tíma gildir heimild til dvalar án sérstaks leyfis í sex mánuði til atvinnuleitar og heimild til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins ekki um launþega frá þessum ríkjum.

19. gr.

89. gr. breytist þannig:

- a. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Í viðtalinu skal ítarlega grafist fyrir um allar aðstæður þeirra barna sem fylgja umsækjanda, nema honum sé vísað til fyrsta gríðlands eða annars ríkis á grundvelli samnings milli Íslands, Noregs og ráðs Evrópusambandsins frá 19. janúar 2001 um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi, Noregi eða í aðildarríki eða norræna vegabréfaeftirlitssamningsins.

- b. 4. og 5. mgr. orðast svo:

Aður en viðtal hefst skal umsækjandi hvattur til að segja satt, rétt og ítarlega frá og hann áminntur um að séu rangar upplýsingar veittar eða mikilvægum upplýsingum leynt geti það haft áhrif við ákvörðun um umsókn hans. Einnig skal umsækjanda bent á að refsivert er að veita upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi, sbr. b-lið 1. mgr. 57. gr. útlendingalaga.

Hafi umsækjandi undir 18 ára aldri komið til landsins án foreldra eða forsjármanna skal farið með málið samkvæmt aðgerðaráætlun um vegalaus börn. Útlendingastofnun setur nánari reglur um meðferð slíkra mála.

20. gr.

Í stað orðanna „frávísun skv. 56. gr.“ í 3. mgr. 90. gr. kemur: frávísun eða brottvísun skv. IX. kafla reglugerðarinnar.

21. gr.

2. másl. 1. mgr. 94. gr. orðast svo: Dómsmálaráðuneytið ákveður hvaða staðir eru mót-tökustöðvar, í samræmi við samning Útlendingastofnunar eða ráðuneytisins og þess eða þeirra aðila sem falin hefur verið umönnun hælisumsækjenda á hverjum tíma.

22. gr.

Við 1. mgr. 95. gr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Sama gildir um barn flóttamanns sem fætt er eftir komu hans til landsins.

23. gr.

Við 102. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú er gefið út vegabréf fyrir útlending þrátt fyrir e-lið 2. mgr. 97. gr. og útlendingurinn hefur ekki lagt fram fullnægjandi gögn til staðfestingar á því hver hann er og hvert er hans heimaríki eða upprunaríki, og skal þá tekið fram í vegabréfi fyrir útlending að ekki liggi fyrir við útgáfu þess staðfestar upplýsingar um uppruna viðkomandi útlendings eða hver hann er.

24. gr.

Á eftir orðinu „Útlendingastofnun“ í 1. málsl. 1. mgr. 110. gr. kemur: a.m.k. einni viku.

25. gr.

3. tölul. 1. mgr. viðauka 2 orðast svo:

Eftirtalin kennivottorð sem gefin eru út til ríkisborgara hlutaðeigandi lands:

Austurríki:	Personalausweis, útgefið til ríkisborgara Austurríkis.
Belgía:	Carte d'Identité (Identiteitskaart, Personal-ausweis, Identity card), útgefið til ríkisborgara Belgíu. Certificat d'identité útgefið til belgískra barna undir 12 ára aldri, skilyrði er þó að barnið ferðist með foreldri sem ber fullnægjandi ferðaskilríki.
Eistland:	Eesti Vabariik Isikutunnistus (Republic of Estonia Identity Card), útgefið til ríkisborgara Eistlands.
Frakkland:	Carte Nationale d'Identité, útgefið til ríkisborgara Frakklands.
Grikkland:	Deltio Taytotitas, útgefið til ríkisborgara Grikklands.
Holland:	Identiteitskaart B (Toeristenkaart), útgefið fyrir 1. janúar 1995 til ríkisborgara Hollands. Europese identiteitskaart (European Identity Card, Carte d'Identité Européenne), útgefið eftir 31. desember 1994 til ríkisborgara Hollands.
Ítalía:	Carta d'Identità, útgefið til ríkisborgara Ítalíu. Certificate to expatriate, útgefið til ríkisborgara Ítalíu sem er yngri en 15 ára, skilyrði er þó að barnið ferðist með foreldri sem ber fullnægjandi ferðaskilríki.
Liechtenstein:	Identitätskarte (Carte d'Identité, Carta d'Identità), útgefið til ríkisborgara Liechtenstein.
Litháen:	Asmens tapatybės kortelė (Personal Identity Card), útgefið til ríkisborgara Litháen.
Lúxemborg:	Carte d'Identité (Identitätskarte, Identity Card) og Titre d'Identité et de Voyage (Kinderausweis), útgefið til ríkisborgara Lúxemborgar.
Malta:	Karta TaL- Dentità, útgefið til ríkisborgara Möltu.
Portúgal:	Bilhete de Identidade de Cidadao Nacional, útgefið til ríkisborgara Portugal.
Pólland:	Rzeczpospolita Polska Dowód Osobisty, Republic of Poland/Identity Card, útgefið til ríkisborgara Póllands.
Slóvakía:	Obciansky Preukaz/Identification Card, útgefið til ríkisborgara Slóvakíu.
Slóvenía:	Osebná Izkaznica/Identity Card, útgefið til ríkisborgara Slóveníu.
Spánn:	Documento Nacional de Identidad, útgefið til ríkisborgara Spánnar.
Swiss:	Carte d'Identité Citoyen Suisse (Identitätskarte Schweizerbürger, Carta d'Identità Cittadino Svizzero), útgefið til ríkisborgara Swiss. Identitätskarte (Carte d'Identité, Carta d'Identità, Carta d'Identidad, Identity Card), útgefið eftir 30. júní 1994 til ríkisborgara Swiss.

- Tékkland: Obcansky Průkaz (Czech Republic Identification Card), útgefið til ríkisborgara Tékklands.
- Ungverjaland: Magyar Köstársaság (Személyazonosító Igazolvány, Republic of Hungary Identity Card), útgefið til ríkisborgara Ungverjaland.
- Þýskaland: Personalausweis, Kinderausweis, Behelfsmässiger Personalausweis, útgefið til ríkisborgara Þýskalands.

26. gr.

Í viðauka 5, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 546 8. júlí 2003, falla brott eftirtaldir staðir og sendistofnun:

Líbía – Tripoli – Sendiráð Finnlands.

27. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 58. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 8. gr., 5. mgr. 15. gr., 2. mgr. 36. gr., 4. mgr. 48. gr., 54. gr. og 2. mgr. 55. gr. laga um útlendinga nr. 96 15. maí 2002, sbr. lög nr. 20 30. apríl 2004, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. september 2004.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Borgarfjarðarhöfn.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn, sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps, er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr I.

Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft tekjur til þess að standa undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja 12 tíma sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mánuði.

Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Borgarfjarðarhafnar vegna skipsins.

Vörugjöld:

Vörugjald, kr. 138,80 fyrir hvert tonn, skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl innan takmarka hafnarinnar.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni.

Aflagjöld:

Af öllum sjávarafla sem lagður er á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings skal greiða 1,6% af heildarverðmæti aflans.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Vigtargjöld:

Kr. 700 fyrir hverja vigtun (löndun) á tímabilinu 08 – 19 mánudaga til föstudaga, kr. 2.100 fyrir vigtun á öðrum tíma.

Kaupandi afla stendur skil á vigtargjöldum.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu Borgarfjarðarhrepps eða inn á bankareikning hreppsins.

5. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 6. september 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Borgarfirði, 7. september 2004.

Magnús Þorsteinsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING**um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit.**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Brúarlands. Meginbreytingin felst í því að lóðum er fjölgað um tvær og verða nr. 9 og 10. Þá hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á lóðamörkum milli lóða nr. 1 og 2 og stærðartölur lóða nr. 7 og 8 eru leiðréttar.

Á aðlægum skipulagsreit úr landi Leifsstaða eru gerðar þær breytingar að mörk lóðar nr. 30 að vestan og byggingarreiturinn færast lítillaga til austurs. Sama gera austurmörk lóðarinnar. Þá færast rotþró úr land Brúarlanda vestur fyrir lóð nr. 30 í landi Leifsstaða.

Tillaga þessi hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og er nú auglýst til að taka þegar gildi sbr. 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Eyjafjarðarsveit, 16. september 2004.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjáreftirlit í Snæfellsbæ.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst. skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjáreftirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o. fl. og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna bygginga og framkvæmda í Skaftárhreppi.

Byggingarleyfisgjald vegna nýbygginga: kr. 90.000

Greitt er fyrir afgreiðslu byggingarleyfis.

Innifalið er fokheldisvottorð, lokaúttektarvottorð, lögboðnar úttektir byggingarfulltrúa, skráning eignar til FMR, yfirferð hönnunargagna.

Framkvæmdarleyfisgjald: kr. 30.000

Greitt er fyrir lögboðna meðferð framkvæmdarleyfiserinda og kostnað vegna undirbúnings, útgáfu leyfis og eftirlits.

Önnur afgreiðslu og þjónustugjöld:

1. Stöðuleyfi: kr. 10.000

Útgáfa stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. Sótt er um leyfið til skipulags- og byggingarnefndar.

Innifalið í gjaldi er eftirlit og úttekt byggingarfulltrúa. Endurnýjunargjald er það sama.

2. Skipulags- og byggingarfulltrúi, hvert vottorð eða kvaðning: kr. 10.000

Gjald sem greiðist fyrir hverja einstaka aukaúttekt eða komu skipulags- og byggingarfulltrúa á byggingarstað. Sama gjald greiðist fyrir vottorð sem byggingarfulltrúi gefur út, t.d. um byggingarstig, um staðbundin réttindi meistara, gerð stofnskjals (án mælinga), yfirferð eignaskiptayfirlýsinga o.þ.h.

3. Mælingagjald: kr. 30.000

Gjaldið er hugsað fyrir útsetningu á byggingarlínum, hæðarpunkti og innmælingu og skráningu byggingar í landupplýsingakerfi sveitarfélagsins.

4. Grunngjald: kr. 10.000

Umsýslugjald vegna hverskonar erinda, umsókna, og fyrirspurna til skipulags- og byggingarnefndar.

Gjaldskráin, sem sett er skv. lögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi, breytist mánaðarlega samkvæmt byggingarvísitölu.

Grunnvísitala er byggingarvísitala í desember 2003, 287,2 stig.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps 30. desember 2003.

Kirkjubæjarklaustri, 14. september 2004.

Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Ásvelli, íþróttá- og útivistarsvæði Hauka“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 1. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Ásvelli, íþróttá- og útivistarsvæði Hauka“ í Hafnarfirði.

Við gildistöku þessa fellur úr gildi eldra deiliskipulag sama svæðis sem samþykkt var 6. júlí 2000.

Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. september 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaskipum.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1970/2002 frá 4. nóvember 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum, sem vísað er til í EES viðbæti nr. 56c í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahags-svæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. og augl. nr. 574/1996 og rg. 594/2004 (10. gr. reglugerðar EB, nr. 2099/2002).

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2003, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 39, dags. 31. júlí 2003 (bls. 18), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 2. september 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1970/2002**

frá 4. nóvember 2002

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

*l. gr.*með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/98 ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

Reglugerð (EB) nr. 3051/95 er breytt sem hér segir:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 3051/95 er kveðið á um að félögum og aðildarríkjum beri að fylgja ákvæðum alþjóðlegs kóða um öryggisstjórnun skipa sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) samþykkti með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993 með tilliti til ekjuferja sem eru í siglingum til eða frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins.
- 2) Í því skyni að tryggja samræmda framkvæmd ISM-kóðans eru í reglugerð (EB) nr. 3051/95 ákvæði fyrir stjórnvöld sem byggjast á viðmiðunarreglum fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðans) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 23. nóvember 1995 með ályktun þingsins A.788 (19).
- 3) Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur breytt þessum IMO-ályktunum með ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, MSC.104 (73), sem samþykkt var 5. desember 2000 og með ályktun A.913 (22) sem samþykkt var 29. nóvember 2001.
- 4) Nauðsynlegt er að setja nákvæmar reglur um vottun og sannprófun og taka þannig tillit til þróunar á alþjóðavettvangi.
- 5) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í reglugerð þessari, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75 /EBE ⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB ⁽⁴⁾.

1. Eftirfarandi komi í stað e-liðar 2. gr.:

„e) „ISM-kóðinn“: alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993 eins og henni hefur verið breytt með ályktun MSC.104 (73) frá 5. desember 2000 og sem fylgir með í viðauka við þessa reglugerð.“

2. Eftirfarandi komi í stað h-liðar 2. gr.:

„h) „öryggisstjórnunarskírteini“: skírteini sem er gefið út fyrir ekjuferjur í samræmi við lið 13.7 í ISM-kóðanum.“

3. Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Öll félög skulu fara að ákvæðum liða 1.2 til 13.1 og liðar 13.6 í ISM-kóðanum eins og um lögboðin ákvæði væri að ræða en það er skilyrði fyrir því að skip þeirra fái að sigla í föstum ætlnarferðum til eða frá höfn aðildarríkis Bandalagsins.“

4. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu, að því er varðar félög og ekjuferjur, fara að ákvæðum liða 13.2, 13.3, 13.4, 13.5, 13.7–13.11, 14 og 16 í ISM-kóðanum eins og um lögboðin ákvæði væri að ræða.“

5. Viðaukinn við þessa reglugerð komi í stað viðaukans.

2. gr.⁽¹⁾ Stjótið. EB L 320, 30.12.1995, bls. 14.⁽²⁾ Stjótið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 35.⁽³⁾ Stjótið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19.⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR

Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir

(Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa)

A-HLUTI – FRAMKVÆMD

1. Almenn atriði	6
1.1. Skilgreiningar	6
1.2. Markmið	6
1.3. Beiting	7
1.4. Hagnýtar kröfur um öryggisstjórnunarkerfi	7
2. Stefna í öryggis- og umhverfisverndunarmálum	7
3. Ábyrgð og valdsvið félags	7
4. Tilnefndur einstaklingur/einstaklingar	7
5. Ábyrgð og valdsvið skipstjóra	7
6. Hjálpargögn og starfsmenn	8
7. Áætlanir vegna aðgerða um borð	8
8. Neyðarviðbúnaður	8
9. Skýrslur og greining á frávikum, slysum og hættu	8
10. Viðhald skips og búnaðar	8
11. Skjalahald	9
12. Sannprófun, endurskoðun og mat félags	9

B-HLUTI — VOTTUN, SANNPRÓFUN

13. Vottun og reglubundin sannprófun	9
14. Bráðabirgðavottun	10
15. Sannprófun	11
16. Eyðublöð fyrir skirteini	11

Viðbætur

II. BÁLKUR

Ákvæði fyrir stjórnvöld um framkvæmd alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM)

A-HLUTI — ALMENN ÁKVÆÐI

B-HLUTI — VOTTUN OG STAÐLAR

1. Sampykki og viðurkenning bráðabirgðasamræmingarskjals og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskirteinis	19
2. Vottunaraðferð	19
3. Stjórnunarkröfur	19
4. Hæfniskröfur	20
5. Fyrirmyndir að samræmingarskjölum og öryggisstjórnunarskirteinum	20

I. BÁLKUR

Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa)

A-HLUTI — FRAMKVÆMD

1. Almenn

1.1. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda um A- og B-hluta þessa kóða.

- 1.1.1. „Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðinn)“: alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir eins og þingið samþykkti hann og stofnuninni er heimilt að breyta.
- 1.1.2. „Félag“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), er hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd eiganda skipsins og hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem í kóðanum felst.
- 1.1.3. „Stjórnvald“: ríkisstjórn ríkis sem skip hefur rétt til að sigla undir fána hjá.
- 1.1.4. „Öryggisstjórnarkerfi“: skipulagt og skjalfest kerfi sem gerir starfsmönnum félags kleift að framkvæma stefnu félagsins í öryggis- og umhverfisverndunarmálum með skilvirkum hætti.
- 1.1.5. „Samræmingarskjal“: skjal sem er gefið út fyrir félag sem fer að kröfum þessa kóða.
- 1.1.6. „Öryggisstjórnunarskírteini“: skjal sem er gefið út fyrir skip og gefur til kynna að félagið og skipstjórn þess starfi í samræmi við viðurkennda öryggisstjórnunarkerfið.
- 1.1.7. „Hlutlæg sönnunargögn“: meginlegar eða eigindlegar upplýsingar, skýrslur eða yfirlýsingar, byggðar á staðreyndum, sem lúta að öryggi eða tilvist og framkvæmd grunnþáttar öryggisstjórnunarkerfis, byggðar á athugasemdum, mælingum eða prófunum og sem unnt er að færa sönnur á.
- 1.1.8. „Athugasemd“: yfirlýsing, byggð á staðreyndum, gefin meðan á úttekt á öryggisstjórnun stendur og studd hlutlægum sönnunargögnum.
- 1.1.9. „Frávik“: aðstæður sem hafa verið kannaðar og þar sem hlutlæg sönnunargögn benda til þess að sértilgreind krafa hafi ekki verið uppfyllt.
- 1.1.10. „Gróft frávik“: greinilegt frávik sem er alvarleg ógnun við öryggi áhafnar og skipa eða skapar alvarlega umhverfishættu og ber að leiðrétta án tafar, þ.m.t. sú staða að krafa samkvæmt þessum kóða hafi ekki verið uppfyllt með skilvirkum og kerfisbundnum hætti.
- 1.1.11. „Árleg dagsætning“: sá mánaðardagur ár hvert sem svarar til þess dags þegar viðeigandi skjal eða skírteini fellur úr gildi.
- 1.1.12. „Samningur“: alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum.
- 1.2. Markmið
- 1.2.1. Markmiðið með kóðanum er að tryggja öryggi á sjó, koma í veg fyrir slys eða mannlát og forðast mengun umhverfisins, einkum sjávar, og skemmdir á eignum.
- 1.2.2. Í markmiðum félags varðandi öryggisstjórn ætti m.a.:
- 1.2.2.1. að tryggja öruggar vinnureglur um rekstur skipa og öruggt vinnuumhverfi,
- 1.2.2.2. að taka upp öryggisráðstafanir gagnvart þekktum hættum, og
- 1.2.2.3. bæta stöðugt öryggisstjórnunarhæfni starfsfólks í landi og um borð í skipum, einnig við neyðaraðstæður, bæði að því er varðar öryggi og verndun umhverfisins.

- 1.2.3. Öryggisstjórnarkerfi ætti að tryggja:
- 1.2.3.1. að farið sé að lögboðnum reglum og reglugerðum, og
- 1.2.3.2. að tekið sé tillit til þeirra kóða, viðmiðunarreglna og staðla sem stofnunin, stjórnvöld, flokkunarfélög og siglingastofnanir mæla með.
- 1.3. Beiting
- Kröfur þessa kóða geta átt við öll skip.
- 1.4. Hagnýtar kröfur um öryggisstjórnunarkerfi (SMS)
- Hvert félag ætti að þróa, framkvæma og viðhalda öryggisstjórnunarkerfi (SMS) sem felur í sér eftirtaldir, hagnýtar kröfur varðandi:
- 1.4.1. stefnu í öryggis- og umhverfisverndunarmálum,
- 1.4.2. leiðbeiningar og aðferðir til að tryggja öryggi við rekstur skipa og verndun umhverfisins í samræmi við viðeigandi alþjóðlega löggjöf og löggjöf fánaríkis,
- 1.4.3. skilgreiningu virðingarraðar og samskiptaleiða milli og á meðal starfsfólks í landi og um borð,
- 1.4.4. vinnureglur um tilkynningu slysa og frávíka frá ákvæðum þessa kóða,
- 1.4.5. vinnureglur um undirbúning fyrir og viðbrögð við neyðaraðstæðum, og
- 1.4.6. vinnureglur um innri endurskoðun og endurskoðun stjórnunar.
- 2. Stefna í öryggis- og umhverfisverndunarmálum**
- 2.1. Félaginu ber að setja fram stefnu í öryggis- og umhverfisverndunarmálum er lýsir því hvernig ná á markmiðum liðar 1.2.
- 2.2. Félaginu ber að tryggja að stefnunni sé fylgt eftir og henni við haldið á öllum skipulagsstigum bæði um borð og í landi.
- 3. Ábyrgð og valdsvið félags**
- 3.1. Ef sá sem ber ábyrgð á rekstri skips er annar en eigandi skal eigandi tilkynna stjórnvöldum um fullt nafn og aðrar upplýsingar er varða þann aðila.
- 3.2. Félaginu ber að skilgreina og skjalfesta hver ber ábyrgð, er í forsvari og hver eru innbyrðis tengsl þeirra starfsmanna er stýra, framkvæma og hafa eftirlit með því starfi er lýtur að framkvæmd öryggismála og mengunarvarna.
- 3.3. Félagið ber ábyrgð á að nægileg hjálpargögn og stuðningur berist frá landi er geri tilnefndum einstaklingi eða einstaklingum kleift að sinna störfum sínum.
- 4. Tilnefndur einstaklingur eða einstaklingar**
- Til að tryggja öryggisstjórnun um borð í skipi og koma á tengslum milli félags og áhafnar ber hverju félagi, eftir því sem við á, að tilnefna einstakling eða einstaklinga í landi sem hafa beinan aðgang að æðstu stjórn. Ábyrgð og valdsvið tilnefnds einstaklings eða einstaklinga skal felast í því að hafa eftirlit með þáttum er lúta að öryggi og mengunarvörnum um borð í skipinu og skal hann eða þeir sjá til þess að nægileg hjálpargögn og stuðningur berist frá landi eftir því sem þörf er á.
- 5. Ábyrgð og valdsvið skipstjóra**
- 5.1. Félaginu ber að skilgreina skilmerkilega og skjalfesta á hvern hátt skipstjóra ber:
- 5.1.1. að framkvæma stefnu félagsins í öryggis- og umhverfisverndunarmálum,
- 5.1.2. að hvetja áhöfn til að framfylgja stefnunni,
- 5.1.3. að gefa viðeigandi skipanir og leiðbeiningar á skýran og einfaldan hátt,
- 5.1.4. að sannreyna að tilgreindum kröfum hafi verið framfylgt, og
- 5.1.5. að endurskoða öryggisstjórnunarkerfið og gefa skýrslu um galla á því til stjórnar í landi.

- 5.2. Félaginu ber að tryggja að öryggisstjórnunarkerfið um borð feli í sér skýr fyrirmæli um valdsvið skipstjóra. Félaginu ber að taka það fram í öryggisstjórnunarkerfinu að skipstjórinn hafi endanlegt vald og beri endanlega ábyrgð á ákvörðunum er lúta að öryggi og mengunarvörnum og á því að leita aðstoðar félagsins ef þörf krefur.
6. **Hjálpargögn og starfsmenn**
- 6.1. Félaginu ber að tryggja að skipstjórinn:
- 6.1.1. hafi tilskilda menntun og hæfi til að stýra skipi,
- 6.1.2. sé vel kunnugt um öryggisstjórnunarkerfi félagsins, og
- 6.1.3. fái nauðsynlegan stuðning til að gegna skyldum sínum vel og örugglega.
- 6.2. Félaginu ber að sjá til þess að áhöfn hafi viðeigandi menntun og skirteini og sé heilbrigð í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.
- 6.3. Félaginu ber að ákveða vinnureglur til að tryggja að nýir starfsmenn og starfsmenn er flytjast til nýrra verkefna er varða öryggi og umhverfisvernd fái viðhlítandi leiðbeiningar um skyldustörf sín.
- Nauðsynlegar leiðbeiningar, sem gefa á fyrir brottför, skal skilgreina og skjalfesta.
- 6.4. Félaginu ber að sjá til þess að þeir starfsmenn, sem taka þátt í öryggisstjórnunarkerfi félagsins, skilji nægilega vel viðeigandi reglur, reglugerðir, kóða og viðmiðunarreglur.
- 6.5. Félaginu ber að taka upp og fylgja aðferðum er gera því kleift að hafa vakandi auga með því hvers konar fræðslu er þörf til að styrkja öryggisstjórnunarkerfið og tryggja að viðkomandi starfsmenn fái slíka fræðslu.
- 6.6. Félaginu ber að setja vinnureglur er tryggja að áhöfn skips fái viðeigandi upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfið á vinnutungumáli eða þeim tungumálum sem hún skilur.
- 6.7. Félaginu ber að sjá til þess að áhöfn skips sé fær um að koma viðeigandi skilaboðum á framfæri við störf sín er tengjast öryggisstjórnunarkerfinu.
7. **Áætlanir vegna aðgerða um borð**
- Félaginu ber að setja vinnureglur um undirbúning áætlana og leiðbeininga, þ.m.t. gátlistar eins og við á, fyrir helstu aðgerðir um borð í skipi er varða öryggi skips og mengunarvarnir. Skilgreina ætti verkefni og fela þau hæfum starfsmönnum.
8. **Neyðarviðbúnaður**
- 8.1. Félaginu ber að ákveða aðferðir við að greina, lýsa og bregðast við hugsanlegum neyðaraðstæðum um borð.
- 8.2. Félaginu ber að leggja fram æfingar- og hjálfunaráætlanir til viðbúnaðar vegna neyðaraðgerða.
- 8.3. Með öryggisstjórnunarkerfinu skal tryggja að félagið geti brugðist við þegar hætta, slys eða neyðaraðstæður skapast um borð í skipum þess.
9. **Skýrslur og greining á frávikum, slysum og hættu**
- 9.1. Í öryggisstjórnunarkerfinu skal gert ráð fyrir að tilkynnt sé til félagsins um frávik, slys og hættu og skulu þau rannsökuð og greind með það að markmiði að bæta öryggi og mengunarvarnir.
- 9.2. Félaginu ber að setja vinnureglur um framkvæmd úrbóta.
10. **Viðhald skips og búnaðar**
- 10.1. Félaginu ber að ákveða vinnuaðferðir er tryggja að skipinu sé viðhaldið í samræmi við ákvæði viðeigandi reglna og reglugerða og í samræmi við viðbótarkröfur sem félagið kann að hafa gert.
- 10.2. Þegar kröfunum hefur verið fullnægt skal félagið sjá til þess að:
- 10.2.1. eftirlit fari fram með hæfilegum hléum,
- 10.2.2. tilkynnt sé um frávik og hugsanlega ástæðu þeirra ef hún er kunn,

- 10.2.3. gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr ástandinu, og
- 10.2.4. haldin sé skrá um slíkar aðgerðir.
- 10.3. Félaginu ber að innleiða aðferðir í öryggisstjórnunarkerfið til að greina fyrirvaralausar bilanir á búnaði og tæknikerfi sem gætu valdið hættu. Í öryggisstjórnunarkerfinu ber að gera ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum er miða að því að auka áreiðanleika slíks búnaðar eða tæknikerfa. Ráðstafanirnar skulu fela í sér reglubundnar prófanir á því fyrirkomulagi og búnaði eða tæknikerfum sem eru ekki í stöðugri notkun en eru til reiðu.
- 10.4. Eftirlit, sem getið er í lið 10.2, svo og ráðstafanir sem um getur í lið 10.3, skulu vera liður í fyrirkomulagi viðhaldsmála um borð í skipinu.
11. **Skjalahald**
- 11.1. Félaginu ber að innleiða og viðhalda aðferðum við eftirlit með öllum skjölum og gögnum er tengjast öryggisstjórnunarkerfinu.
- 11.2. Félaginu ber að sjá til þess að:
- 11.2.1. gild skjöl séu aðgengileg á viðeigandi stöðum,
- 11.2.2. breytingar á skjölum séu endurskoðaðar og viðurkenndar af þeim starfsmönnum sem til þess hafa heimild, og
- 11.2.3. úrelt skjöl séu fjarlægð.
- 11.3. Vísa má til skjala, sem eru notuð til að lýsa öryggisstjórnunarkerfinu og hvernig það vinnur, sem „handbókar um öryggisstjórnun“. Geyma skal gögnin á því formi sem félagið telur heppilegast. Í hverju skipi skulu vera þau gögn er varða skipið.
12. **Sannprófun, endurskoðun og mat félags**
- 12.1. Félaginu ber að endurskoða innra öryggi til að ganga úr skugga um að öryggis- og mengunarvarnarmál séu í samræmi við öryggisstjórnunarkerfið.
- 12.2. Félaginu ber að meta árangur og endurskoða öryggisstjórnunarkerfið með jöfnum hléum, ef þörf krefur, í samræmi við þær vinnureglur sem félagið hefur ákveðið.
- 12.3. Endurskoðun og hugsanlegar úrbætur ber að framkvæma í samræmi við skjalfestar vinnureglur.
- 12.4. Starfsmenn, er sjá um endurskoðun, skulu vera óháðir þeim svæðum sem endurskoða á nema slíkt sé óhagkvæmt vegna stærðar og eðlis félagsins.
- 12.5. Niðurstöður endurskoðana og endurmats skulu kynntar þeim starfsmönnum sem bera ábyrgð á viðkomandi svæði.
- 12.6. Þeir umsjónarmenn, sem bera ábyrgð á viðkomandi svæði, skulu í tíma gera úrbætur þar sem misbrestur hefur orðið.

B-HLUTI — VOTTUN OG SANNPÓFUND

13. **Vottun og reglubundin sannprófun**
- 13.1. Félaginu, sem hefur fengið útgefið samræmingarskjal eða bráðabirgðasamræmingarskjal í samræmi við lið 14.1, er lýtur að skipinu, ber að sjá um rekstur skipsins.
- 13.2. Samræmingarskjalið skal stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur ríkisstjórn sem aðild á að samningnum gefa út og það skal gefið út fyrir hvert það félag sem fullnægir kröfum þessa kóða og skal stjórnvaldið tilgreina gildistíma þess sem skal ekki vera lengri en fimm ár. Umrætt skjal telst vera sönnun þess að félagið sé fært um að fylgja þessum kóða.
- 13.3. Samræmingarskjalið gildir eingöngu fyrir þær gerðir skipa sem beinlínis eru tilgreindar í skjalinu. Miða ber slíka tilgreiningu við þær gerðir skipa sem fyrsta sannprófunin miðaðist við. Öðrum gerðum skipa skal eingöngu bæta við eftir að sannreynt hefur verið að félagið getur farið að þeim kröfum þessa kóða sem eiga við um slíkar gerðir skipa. Í þessu samhengi er um að ræða þær gerðir skipa sem um getur í reglu IX/1 í samningnum.
- 13.4. Á hverju ári, innan þriggja mánaða fyrir eða eftir hina árlegu dagsetningu, skal stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn sannprófa gildi samræmingarskjalsins.

- 13.5. Samræmingarskjalið skal annaðhvort stjórnvaldið eða, að beiðni þess, samningsríkisstjórnin, sem gaf skjalið út, afturkalla þegar ekki er óskað eftir þeirri árlegu sannpröfun sem krafist er í lið 13.4 eða ef ljóst er að um gróft frávik er að ræða frá þessum kóða.
- 13.5.1. Einnig ber að afturkalla öll öryggisstjórnunarskrirteini og/eða bráðabirgðaöryggisstjórnunarskrirteini sem tengjast samræmingarskjalinu ef samræmingarskjalið er afturkallað.
- 13.6. Afrit af samræmingarskjalinu skal vera um borð svo að skipstjóri geti, sé þess óskað, framvísað því við sannpröfun stjórnvalds eða stofnunar, sem það viðurkennir, eða vegna eftirlitsins sem um getur í reglu IX/6.2 í samningnum. Þess er ekki krafist að afrit skjalsins sé staðfest eða vottað.
- 13.7. Stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn skal gefa út öryggisstjórnunarskrirteinið fyrir skip og gildir það í fimm ár hið lengsta. Gefa ber út öryggisstjórnunarskrirteinið eftir að sannpröfað hefur verið að félagið og skipstjórn þess starfi í samræmi við viðurkennda öryggisstjórnunarkerfið. Slikt skirteini telst vera sönnun þess að félagið sé fært um að fara að þessum kóða.
- 13.8. Stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn skal framkvæma a.m.k. eina millisannpröfun á gildi öryggisstjórnunarskrirteinisins. Ef einungis er framkvæmd ein millisannpröfun og gildistími öryggisstjórnunarskrirteinisins er fimm ár ber að framkvæma sannpröfunina milli annarrar og þriðju árlegrar dagsetningar öryggisstjórnunarskrirteinisins.
- 13.9. Auk þess sem krafist er í lið 13.5.1 ber stjórnvaldinu eða, að beiðni þess, samningsríkisstjórninni, sem gaf öryggisstjórnunarskrirteinið út, að afturkalla það ef ekki er óskað eftir þeirri millisannpröfun sem krafist er í lið 13.8 eða ef ljóst er að um gróft frávik er að ræða frá þessum kóða.
- 13.10. Ef endurnýjunarsannpröfun lýkur seinna en þremur mánuðum fyrir þann dag þegar eldra samræmingarskjalið eða öryggisstjórnunarskrirteinið fellur úr gildi telst nýja samræmingarskjalið eða nýja öryggisstjórnunarskrirteinið gilt, þrátt fyrir kröfurnar í lið 13.2 og 13.7, frá þeim degi er endurnýjunarsannpröfun lýkur og gildir það í fimm ár frá þeim degi er eldra samræmingarskjalið eða öryggisstjórnunarskrirteinið fellur úr gildi.
- 13.11. Ef endurnýjunarsannpröfun lýkur fyrr en þremur mánuðum fyrir þann dag þegar eldra samræmingarskjalið eða öryggisstjórnunarskrirteinið fellur úr gildi telst nýja samræmingarskjalið eða nýja öryggisstjórnunarskrirteinið gilt frá þeim degi er endurnýjunarsannpröfun lýkur og gildir það í mesta lagi í fimm ár frá þeim degi.
14. **Bráðabirgðavottun**
- 14.1. Heimilt er að gefa út bráðabirgðasamræmingarskjal til að gera það auðveldara að hefja framkvæmd þessa kóða:
- 1) ef félagið er nýstofnað, eða
 - 2) ef bæta skal nýjum gerðum skipa í eldra samræmingarskjal,
- eftir að sannpröfað hefur verið að viðkomandi félag hafi yfir að ráða öryggisstjórnunarkerfi, sem uppfyllir ákvæði liðar 1.2.3 í þessum kóða, að því tilskildu að félagið sýni fram á að það hafi áætlun um framkvæmd öryggisstjórnunarkerfis sem uppfyllir að fullu kröfur í þessum kóða á gildistíma bráðabirgðasamræmingarskjalsins. Stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn skal gefa út slikt bráðabirgðasamræmingarskjal og gildir það fyrir tímabil sem ekki má vera lengra en 12 mánuðir. Afrit af bráðabirgðasamræmingarskjalinu skal vera um borð svo að skipstjóri geti, sé þess óskað, framvísað því við sannpröfun stjórnvalds eða stofnunar, sem það viðurkennir eða vegna eftirlitsins sem um getur í reglu IX/6.2 í samningnum. Þess er ekki krafist að afrit skjalsins sé staðfest eða vottað.
- 14.2. Heimilt er að gefa út bráðabirgðaöryggisstjórnunarskrirteini:
- 1) fyrir ný skip við afhendingu,
 - 2) þegar félag tekur á sig ábyrgð á rekstri skips sem telst nýtt að því er félagið varðar, eða
 - 3) þegar skip skiptir um fána.
- Stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn skal gefa út slikt bráðabirgðaöryggisstjórnunarskrirteini og gildir það í sex mánuði hið lengsta.
- 14.3. Í sérstökum tilvikum má stjórnvald eða önnur samningsríkisstjórn, að beiðni stjórnvaldsins, framlengja gildistíma bráðabirgðaöryggisstjórnunarskrirteinis um tímabil, sem ekki skal vera lengra en sex mánuðir, frá þeim degi að telja er það fellur úr gildi.


- 14.4. Heimilt er að gefa út bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini eftir að sannprófað hefur verið að:
- 1) samræmingarskjalið eða bráðabirgðasamræmingarskjalið varði skipið sem um er að ræða,
 - 2) öryggisstjórnunarkerfið, sem félagið lætur í té fyrir viðkomandi skip, innihaldi helstu grunnþætti þessa kóða og hafi verið metið við úttekt vegna útgáfu samræmingarskjalsins eða kynnt vegna útgáfu bráðabirgðasamræmingarskjalsins,
 - 3) félagið hafi gert áætlunir um úttekt á skipinu innan þriggja mánaða,
 - 4) skipstjórinn og yfirmenn þekki öryggisstjórnunarkerfið og fyrir fram ákveðið skipulag því til framkvæmdar,
 - 5) búið sé að gefa þau fyrirmæli sem talið er nauðsynlegt að séu gefin áður en siglt er, og
 - 6) viðeigandi upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfið hafi verið veittar á vinnutungumáli eða -málum sem áhöfn skipsins skilur.
15. **Sannprófun**
- 15.1. Allar sannprófanir, sem krafist er samkvæmt ákvæðum þessa kóða, skulu framkvæmdar í samræmi við verklagsreglur sem stjórnvaldið samþykkir, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna sem unnar eru á vegum stofnunarinnar ⁽¹⁾.
16. **Eyðublöð fyrir skírteini**
- 16.1. Útbúa ber samræmingarskjalið, öryggisstjórnunarskírteinið, bráðabirgðasamræmingarskjalið og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinið samkvæmt þeim fyrirmyndum sem eru settar fram í viðbætinum við þennan kóða. Ef tungumálið, sem notað er, er hvorki enska né franska þarf textinn einnig að vera þýddur á annað hvort þessara mála.
- 16.2. Auk þess sem krafist er í lið 13.3 getur áritun fyrir þær gerðir skipa, sem koma fram í samræmingarskjalinu og bráðabirgðasamræmingarskjalinu, endurspeglað hvers konar takmarkanir á rekstri skipanna sem lýst er í öryggisstjórnunarkerfinu.

⁽¹⁾ Sjá viðmiðunarreglur fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðans) sem stofnunin samþykkti með ályktun A. 913(22).

Viðbætur

Eyðublað fyrir samræmingarskjöl, öryggisstjórnunarskírteini, bráðabirgðasamræmingarskjöl og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini

SAMRÆMINGARSKJAL



(Opinbert innsigli)

.....
(Ríki)

Númer skírteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)Nafn og heimilisfang félags
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MED VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnunarkerfi félagsins og að það uppfyllir kröfur alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðans) að því er varðar þær gerðir skipa sem taldar eru upp hér á eftir (strikið út þar sem við á):

Farþegaskip

Háhraðaför sem flytja farþega

Háhraðaför til vöruflutninga

Búlkaskip

Oliuflutningaskip

Efnaflutningaskip

Gasflutningaskip


Færanlegar, haffærar boreiningar

Önnur vöruflutningaskip

Samræmingarskjal þetta gildir til með fyrirvara um reglubundna sannpröfun.

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:

(Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalds
eftir því sem við á).....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skjalið út)

Númer skirteinis:

ÁRITUN VEGNA ÁRLEGRAR SANNSPRÓFUNAR

HÉR MEÐ VOTTAST að við reglubundna sannprófun í samræmi við reglu IX/6.1 í samningnum og lið 13.4 í ISM-kóðanum reyndist öryggisstjórnunarkerfið vera í samræmi við kröfur ISM-kóðans.

Fyrsta árlega sannprófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Önnur árlega sannprófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Þriðja árlega sannprófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:


Fjórdá árlega sannprófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

ÖRYGGISSTJÓRNUNARSKIRTEINI



(Opinbert innsigli)

.....
(Ríki)

Númer skirteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn skips

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Gerð skips (*):

Brúttóntonatala:

IMO-númer:

Nafn og heimilisfang félags:
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnunarkerfi skipsins og að það uppfyllir kröfur alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðans) að undangenginni sannpröfun á því að samræmingarskjal félagsins gildir að því er varðar þessa gerð skipa.

Öryggisstjórnunarskirteini þetta gildir til
með fyrirvara um reglubundna sannpröfun og að samræmingarskjalið sé í gildi.Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:

(Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalds
eftir því sem við á).....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skirteinið út)

(*) Hér á að færa inn eina af eftirfarandi gerðum skipa: Farþegaskip, háhraðaför sem flytja farþega, háhraðaför til vöruflutninga, búlkaskip, oliuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, færarlegar, haffærar boreiningar, önnur vöruflutningaskip.

Númer skirteinis:

**ÁRITUN VEGNA MILLISANNPRÓFUNAR OG VIÐBÓTARSANNPRÓFUNAR
(EF HENNA ER KRAFIST)**

HÉR MEÐ VOTTAST að við reglubundna sannprófun í samræmi við reglu IX/6.1 í samningnum og lið 13.8 í ISM-kóðanum reyndist öryggisstjórnunarkerfið vera í samræmi við kröfur í ISM-kóðanum.

Áfangasannprófun:

(skal framkvæmd milli annarrar
og þriðju árlegu dagsetningarinnar)

Undirskrift:

(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun (*)

Undirskrift:

(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun (*)

Undirskrift:

(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun (*)

Undirskrift:


(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

(*) Ef við á. Vísað er í lið 3.2.3 í viðmiðunarreglum fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðans) (ályktun A. 913 (229)).

BRÁÐABIRGDASAMRÆMINGARSKJAL



(Opinbert innsigli)

.....
(Ríki)

Númer skírteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn og heimilisfang félags
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að öryggisstjórnarkerfi félagsins er viðurkennt með tilliti til þess að það uppfyllir ákvæði liðar 1.2.3 í alþjóðlega kóðanum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðanum) að því er varðar þær gerðir skipa sem taldar eru upp hér á eftir (strikið út þar sem við á):

Farþegaskip

Háhraðaför sem flytja farþega

Háhraðaför til vöruflutninga

Búlkaskip

Olíuflutningaskip

Efnaflutningaskip

Gasflutningaskip


Færanlegar, haffærar boreiningar

Önnur vöruflutningaskip

Bráðabirgðasamræmingarskjal þetta gildir til

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:



(Innsigli eða stimpill útgáfufyrivalds
eftir því sem við á)

.....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skjalið út)

BRÁÐABIRGÐAÖRYGGISSTJÓRNUNARSKÍRTEINI



(Opinbert innsigli)

.....
(Ríki)

Númer skírteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða einkennisstafr:

Heimahöfn:

Gerð skips (*):

Brúttótonnatala:


IMO-númer:

Nafn og heimilisfang félags:
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MED VOTTAST að kröfum í lið 14.4 í ISM-kóðanum hefur verið fullnægt og að samræmingarskjal /bráðabirgðasamræmingarskjal (**) félagsins á við um þetta skip.

Bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini þetta gildir til
að því tilskildu að samræmingarskjal/bráðabirgðasamræmingarskjalíð (**) sé í gildi.Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:

(Innsigli eða stimpill útgáfufyrivalds
eftir því sem við á).....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skírteinið út)


- ii) Í stað 3. mgr. I. liðar komi eftirfarandi:

„3. Við beitingu 12. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:

Instituto de Solidariedade e Segurança Social: Centro Distrital de Solidariedade e Segurança Social (Félagsmála- og tryggingastofnun: umdæmismíðstöð félags- og tryggingamála) á búsetustað launþega eða þar sem hann er skráður, eftir atvikum“

- iii) Í stað 6. mgr. I. liðar komi eftirfarandi:

„6. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

Instituto de Solidariedade e Segurança Social: Centro Distrital de Solidariedade e Segurança Social (Félagsmála- og tryggingastofnun: umdæmismíðstöð félags- og tryggingamála), Lissabon“

- iv) Í stað 7. mgr. I. liðar komi eftirfarandi:

„7. Við beitingu 28. gr. (1. mgr.), 29. gr. (2. og 5. mgr.), 30. gr. (1. og 3. mgr.) og 31. gr. (annar málsliður 1. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (með tilliti til útgáfu vottorða):

Instituto de Solidariedade e Segurança Social: Centro Distrital de Solidariedade e Segurança Social (Félagsmála- og tryggingastofnun: umdæmismíðstöð félags- og tryggingamála) á búsetustað viðkomandi“

- v) Í stað 10. mgr. I. liðar komi eftirfarandi:

„10. Við beitingu 80. gr., (2. mgr.), 81. gr. og 85. gr. (2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:

Instituto de Solidariedade e Segurança Social: Centro Distrital de Solidariedade e Segurança Social (Félagsmála- og tryggingastofnun: umdæmismíðstöð félags- og tryggingamála) þar sem viðkomandi var síðast skráður“

- vi) Í stað 2. mgr. II. liðar komi eftirfarandi:

„2. Við beitingu 1. mgr. 11. gr. og 11. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:

Centro de Segurança Social da Madeira (Almannatryggingamiðstöð Madeira), Funchal“

- vii) Í stað 3. mgr. II. liðar komi eftirfarandi:

„3. Við beitingu 12. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:

Centro de Segurança Social da Madeira (Almannatryggingamiðstöð Madeira), Funchal“

- viii) Í stað 6. mgr. II. liðar komi eftirfarandi:

„6. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

Centro de Segurança Social da Madeira (Almannatryggingamiðstöð Madeira), Funchal“

ix) Í stað 7. mgr. II. liðar komi eftirfarandi:

„7. Við beitingu 28. gr. (1. mgr.), 29. gr. (2. og 5. mgr.), 30. gr. (1. og 3. mgr.) og 31. gr. (annar málsliður 1. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (með tilliti til útgáfu vottorða):
Centro de Segurança Social da Madeira (Almannatryggingamiðstöð Madeira), Funchal“

x) Í stað 9. mgr. II. liðar komi eftirfarandi:

„9. Við beitingu 17. gr. (6. og 7. mgr.), 18. gr. (3., 4. og 6. mgr.), 20. gr., 21. gr. (1. mgr.), 22. gr., 31. gr. (fyrsta málsliður 1. mgr.) og 34. gr. (1. mgr. og fyrstu undirgreinar 2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (varðar stofnun á búsetu- eða dvalarstað eftir því sem við á):
Centro Regional de Saúde (Héraðsmiðstöð heilbrigðismála, Funchal“

xi) Í stað 10. mgr. II. liðar komi eftirfarandi:

„10. Við beitingu 80. gr., (2. mgr.), 81. gr. og 85. gr. (2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:
Centro de Segurança Social da Madeira (Almannatryggingamiðstöð Madeira), Funchal“

xii) Í stað 1. mgr. III. liðar komi eftirfarandi:

„1. Við beitingu 17. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:
Direcção Regional da Solidariedade e da Segurança Social (Félagsmála- og tryggingaskrifstofa héraðsins), Angra do Heroísmo“

xiii) Í stað 2. mgr. III. liðar komi eftirfarandi:

„2. Við beitingu 1. mgr. 11. gr. og 11. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:
Instituto de Gestão de Regimes de Segurança Social: Centro de Prestações Pecuniárias (Stjórnarstofnun almannatryggingakerfa: miðstöð bótagreiðslna) þar sem viðkomandi, útsendur starfsmaður er skráður“

xiv) Í stað 3. mgr. III. liðar komi eftirfarandi:

„3. Við beitingu 12. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:
Instituto de Gestão de Regimes de Segurança Social: Centro de Prestações Pecuniárias (Stjórnarstofnun almannatryggingakerfa: miðstöð bótagreiðslna) á búsetu- eða dvalarstað launþega, eftir atvikum“

xv) Í stað 6. mgr. III. liðar komi eftirfarandi:

„6. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:
Instituto de Gestão de Regimes de Segurança Social: Centro de Prestações Pecuniárias (Stjórnarstofnun almannatryggingakerfa: miðstöð bótagreiðslna), Angra do Heroísmo“

xvi) Í stað 7. mgr. III. liðar komi eftirfarandi:

„7. Við beitingu 28. gr. (1. mgr.), 29. gr. (2. og 5. mgr.), 30. gr. (1. og 3. mgr.) og 31. gr. (annar málsliður 1. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (með tilliti til útgáfu vottorða):
Instituto de Gestão de Regimes de Segurança Social: Centro de Prestações Pecuniárias (Stjórnarstofnun almannatryggingakerfa: miðstöð bótagreiðslna) þar sem viðkomandi hefur búsetu“

xvii) Í stað 9. mgr. III. liðar komi eftirfarandi:

„9. Við beitingu 17. gr. (6. og 7. mgr.), 18. gr. (3., 4. og 6. mgr.), 20. gr., 21. gr. (1. mgr.), 22. gr., 31. gr. (fyrsta málslið 1. mgr.) og 34. gr. (1. mgr. og fyrstu undirgreinar 2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (varðar stofnun á búsetu- eða dvalarstað eftir því sem við á):

Centro de Saúde (miðstöð heilbrigðismála) á búsetu- eða dvalarstað viðkomandi“

xviii) Í stað 10. mgr. III. liðar komi eftirfarandi:

„10. Við beitingu 80. gr., (2. mgr.), 81. gr. og 85. gr. (2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:

Instituto de Gestão de Regimes de Segurança Social: Centro de Prestações Pecuniárias (Stjórnarstofnun almannatryggingakerfa: miðstöð bótagreiðslna) þar sem viðkomandi var síðast skráður“

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Bústaðavegur 151-153.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. september 2004 deiliskipulag fyrir Bústaðaveg 151-153.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Þingholtsstræti 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Þingholtsstræti 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rafstöðvarvegur 31.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 6. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Rafstöðvarveg 31.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. september 2004.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

GJALDSKRÁ

fyrir Skagafjarðarhafnir.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Skagafjarðarhafnir, sem er í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er sett samkv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar sbr. 5. tölulið 3 gr. hafnalaga.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 8,85 á mælieiningu samkv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip og skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 4,04 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiða þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði. Undanþegin greiðslu bryggjugjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki frekari þjónustu.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendirar eða erlendirar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vör-

urnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftr vörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og hér segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 159,62 fyrir hvert tonn:

Kol, laust korn, salt, vikur, sandur, kísilgúr, bensín, brennsluolía, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 307,28 fyrir hvert tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 331,78 fyrir hvert tonn:

Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolía, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingarframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

4. fl.: Gjald 1,6%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 4.000 fyrir hvert tonn.

Lágmark í öllum flokkum er kr. 109.

Leiga á gámasvæði.

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi (gáma og báta):

Geymsla á malbikuðu svæði pr. fermetra, samkomulag.

Sorphirða.

12. gr.

Öll skip er koma til hafnar greiði kr. 1.200 í hvert skipti, losi skipið sig við sorp.

Bátar og trillur greiði kr. 800 á ári.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi kr. 8.100 fyrir hvert skip. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

Þjónusta hafnsögubáts.

14. gr.

Fyrir flutning á hafnsögumanni greiðist kr. 9.115.

Festargjöld.

15. gr.

Festargjald dagvinna kr. 4.480.

Festargjald næturvinna kr. 8.085.

Festargjöld stórhátíðarvinna kr. 9.125.

Þegar skip leggur að bryggju skal starfsmaður hafnarinnar taka á móti því, en þó er heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

Vatnssala.

16. gr.

Vatnsgjald:

Kalt vatn til skipa kr 155,00 á m³.

Lágmarksgjald miðað við 10 m³.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 1.972 pr. klst.

Rafmagnssala.

17. gr.

Rafmagn:

Sauðárkrókshöfn kr. 6,93 á kwst.

Hofsóshöfn kr. 8,51 á kwst.

Tengigjald kr. 1.240.

Tengigjald í smábátadokk kr. 500 í hvert skipti.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 1.972 pr. klst.

Vigtargjald.

18. gr.

Vigtargjöld:

Vigtun á sjávarfangi kr. 87 á tonn.

Öll almenn vigtun kr. 114 á tonn.

Einstök vigtun kr. 850.

Vigtun á afla smábáta undir 50 brt. er kr. 1.166 í dagvinnu hvert eitt skipti.

Úrtaksvigtun. Af sjávarafla frystitogara eða öðrum þeim skipum er frumlanda sjávarfangi í Sauðárkrókshöfn skal greiða skráningargjald sem er kr. 87 á landað tonn ef skráð er í Lóðs, kerfi Fiskistofu.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 1.972 pr. klst.

Hafnavernd.

19. gr.

Gjald vegna hafnaverndar er eftirfarandi.

Öryggisgjald (fastagjald) kr. 18.000.

Öryggisgæsla:

a) dagvinna kr. 2.500.

b) næturvinna kr. 4.500.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

20. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu sveitarfélagsins. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarsjóðs Skagafjarðar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema um annað sé sérstaklega samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingafé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Hafnarsjóði Skagafjarðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Skagafjarðar er samþykkt af samgöngunefnd 30. ágúst 2004 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum og er til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár fyrir Hafnarsjóð Skagafjarðar frá 1. júlí 2003.

Sauðárkróki, 21. september 2004.

Ársæll Guðmundsson hafnarstjóri.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Áskrifandi sem óskar eftir númeraflutningi milli fjarskiptafyrirtækja samkvæmt 3. og 5. grein skal gera þjónustusamning við fjarskiptafyrirtækið sem áskrifandinn vill skipta við. Áskrifandi skal óska eftir þjónustusamningi skriflega eða á rafrænu formi.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 3. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, og öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 17. september 2004.

Hrafnkell V. Gíslason
e.u. **Friðrik Pétursson.**

Friðrik Pétursson.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum) (VII).

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 410/2002 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur úr fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2003, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 39, 31. júlí 2003, bls. 11, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 777/2004.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (VII).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 572/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja sem vísað er til í VI. viðauka (félagslegt öryggi) við Samninginn um evrópska efnahagssvæðið eins og honum var

breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2003 frá 16. maí 2003, skal öðlast gildi hér á landi að því leyti sem ákvæði hennar lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 410/2002 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu nr. 781/2004 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu nr. 777/2004 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannastryggingar.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 410/2002 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2003, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 39, 31. júlí 2003, bls. 11, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 777/2004.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og 35. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

1. setning 5. mgr. 18. gr. orðast svo:
Einkunnir eru í heilum og hálfum tölum frá 1–10.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 30. júní 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

REGLUGERÐ

um verndun hrygningar steinbíts á Látragrunni.

1. gr.

Frá og með 1. október 2004 til og með 31. janúar 2005 eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 03'00 N – 26° 10'00 V
2. 65° 17'00 N – 26° 10'00 V
3. 65° 17'00 N – 25° 50'00 V
4. 65° 11'00 N – 25° 42'00 V
5. 65° 03'00 N – 25° 50'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. september 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Bjarnastaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að um 15 ha frístundabyggðarsvæði í landi Bjarnastaða stækkar til norðurs og kemur í stað landbúnaðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. september 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarsvæði við Mjósund/Austurgötu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að vesturhorn stofnanasvæðis S19, við Austurgötu 37/Mjósund 10, breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 21. september 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUR

um stærð og frágang minnismarkja í umdæmi kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Reglur þessar taka til allra minnismarkja í skilningi laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, sbr. einnig 3. gr. þessara reglna og skulu hafa gildi innan umdæmis kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Stjórn kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fer með framkvæmd þessara reglna. Stjórnin má fela garðyrkjustjóra framkvæmd einstakra þátta.

2. gr.

Markmið reglnanna er að tryggja að legsteinar séu settir niður á grafreiti með samræmdum og skipulögðum hætti. Jafnframt setja reglur þessar stærðar- og umfangsmörk minnismarkja á grafreitum.

Ekki má setja girðingar úr steini, málm, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Þá er ekki heimilt að reisa grafhýsi.

3. gr.

Í reglum þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Minnismarki: Samheiti fyrir legsteina, krossa o.fl., sem reist eru á grafreitum.

Legsteinn: Minnismarki úr steini sem ber nafn eða nöfn þeirra er hvíla í grafreit og grafskrift.

Púltsteinn: Ferkantaður legsteinn sem liggur láréttur á jörðu og með skáhallandi leturfleti með nöfnum og grafskrift.

Náttúrusteinn: Legsteinn eða púltsteinn sem ekki hefur verið slípaður.

Platti: Niðurgrafin undirstaða legsteins úr járnbentri steinsteypu.

Undirsteinn: Undirstaða eða sökkull legsteins, oft úr sama efni og legsteinninn sjálfur og er lögð í jarðvegsyfirborð eða ofan á platta.

Grafreit: Samheiti fyrir kistugrafstæði og duftgrafstæði.

Kistugrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar látins einstaklings eða látinna einstaklinga.

Duftgrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar á duftkerjum með ösku látins einstaklings eða látinna einstaklinga að lokinni líkbrennslu.

4. gr.

Þeir aðstandendur sem hyggjast setja minnismerki á grafreit skulu tilkynna það garðyrkjustjóra sem veitir slíkri tilkynningu viðtöku í umboði kirkjugarðsstjórnar. Uppsetning minnismerkja er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra. Garðyrkjustjóri og starfsmenn hans skulu veita aðstandendum leiðbeiningar varðandi reglur þessar sé þess óskað.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að færa uppsetningu minnismerkja til samræmis við reglur þessar eftir að tilkynning hefur verið send aðstandendum um að þeim beri að færa minnismerki til réttis horfs. Í slíkri tilkynningu skal tilgreindur hóflegur frestur til þess að ljúka framkvæmdum. Aðstandendur skulu bera allan kostnað sem hlýst af tilfærslu legsteina sem ekki eru uppsettir í samræmi við reglur þessar.

II. KAFLI Kistugrafstæði.

5. gr.

Garðyrkjustjóri markar grafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis.

Heimilt er að jarðsetja duftker í kistugrafstæði sem þegar hefur verið jarðsett í.

6. gr.

Hámarksbreidd legsteins á einfalt grafstæði er 0,8 metrar, að meðtöldum undirsteini, en 1,8 metrar ef legsteinn nær yfir tvö grafstæði. Nái legsteinn yfir fleiri en tvö grafstæði, skal þess gætt að steinninn fari ekki nær næstu grafstæðum til hvorrar handar en nemur 0,3 metrum. Hámarkshæð legsteins frá yfirborði jarðar er 1,7 metrar.

Allir legsteinar aðrir en púltsteinar skulu standa á platta. Til stuðnings legsteinum sem eru 1,4 metrar eða hærri er skylt að setja platta. Skal þykkt plattans vera a.m.k. 10 sentimetrar, sem næst ferhyrndur og skal hlutfallsleg stærð hans samsvara 0,5 fermetrum á hvern meter af hæð legsteinsins. Standi legsteinn á platta skal staðsetja legsteininn sem næst miðju plattans.

7. gr.

Skylt er að hafa jarðvegsskipti undir legstein. Skal grafa 0.45 metra undir jarðvegsyfirborð fyrir legstein og a.m.k. 0.2 metra út fyrir undirstöðu legsteins á alla kanta. Eftir að legsteini hefur verið komið fyrir skal leggja að frostfrítt efni og þjappa vel að legsteininum. Sömu aðferð skal beitt ef undirstaða legsteins er platti.

III. KAFLI Duftgrafstæði.

8. gr.

Garðyrkjustjóri markar duftgrafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis.

Legsteinar á duftgrafstæðum skulu einkum vera púltsteinar. Staðsetja skal púltstein fyrir miðju grafstæðis við hina afmörkuðu línu fyrir bakhlið. Einnig er heimilt að setja náttúrustein á duftgrafstæði, enda liggi hann þá flatur og sé innan sömu stærðarmarka og púltsteinar, sbr. 4. mgr. hér að neðan.

Einfalt duftgrafstæði er að lágmarki 0,75 x 0,75 metrar, tvöfalt duftgrafstæði er 0,75 x 1,5 metrar og fjórfalt duftgrafstæði er 1,5 x 1,5 metrar.

Á einföldum og tvöföldum duftgrafstæðum mega púltsteinar vera allt að 0,5 x 0,4 x 0,2/0,1 metrar. Á fjórföldu duftgrafstæði er hámarksstærðin 0,6 x 0,6 x 0,2/0,1 metrar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

9. gr.

Setja má trékross á alla grafreiti þar sem ekki er minnismerki. Trékrossar skulu vera úr gegnheilum fúavörðum við. Hámarkshæð trékrossa á kistugrafstæði er 1,3 metrar frá jörðu, en 0,3 metrar á duftgrafstæði.

10. gr.

Öll samskeyti á legsteinum eiga að vera límd saman. Nota skal viðurkennt þurrefni til slíkra líminga. Þegar legsteinar að viðbættum platta eru hærrí en 0,8 metrar skulu allar samsetningar vera teinaðar saman með ryðfríum stálteinum. Teinarnir límast inn í steinhlutina með tveggja þátta steinlími.

11. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af grafreitum óviðeigandi girðingar og minnismerki í samræmi við 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Vandamönnum skal í slíkum tilvikum gert viðvart, sé þess kostur, og samráð haft við prófastana í Reykjavíkúrprófastsdæmi.

12. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 52. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

13. gr.

Í sérstökum tilvikum getur kirkjugarðsstjórn heimilað aðrar gerðir minnismerkja en kveðið er á um í reglum þessum.

14. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna má skjóta þeim málum til úrskurðar kirkjugarðaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun kirkjugarðsstjórnar.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt tilsögn stjórnar kirkjugarða Reykjavíkúrprófastsdæma nr. 36/1993 með heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. september 2004.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóníasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 119 – 2004

24. september 2004

1967

Nr. 788

AUGLÝSING

um deiliskipulag leikskóla við Helgamagrastræti, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 7. september 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir reit á milli Helgamagrastrætis og Þórunnarstrætis, norðan Bjarkarstígs. Á reitnum er gert ráð fyrir lóð fyrir leikskóla.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Akureyri, 24. september 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

27. september 2004

Nr. 789

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 679/1997 um listamannalaun.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðast svo:

Stjórn listamannalauna úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar þriggja manna úthlutunarnefndir, sem skipaðar eru árlega af menntamálaráðherra fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða, veita fé úr þeim sbr. 6.-8. gr. laga nr. 35/1991 með áorðnum breytingum. Skipa skal úthlutunarnefndir eigi síðar en 15. ágúst ár hvert. Úthlutunarnefndir skipta sjálfar með sér verkum.

2. gr.

4. gr. orðast svo:

Stjórn listamannalauna sér til þess að auglýst sé með venjulegum hætti eftir umsóknum um veitingu starfslauna og náms- og ferðastyrkja úr sjóðunum og lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr þeim.

Í auglýsingu skal óska eftir upplýsingum um feril umsækjenda, listrænt gildi verkefnisins og rökstudda tímaáætlun. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil, verðlaun og viðurkenningar, greinargerð um verkefni það sem liggur til grundvallar umsókn-

inni og hve langan starfstíma er sótt um. Þessir þættir skulu að jafnaði liggja til grundvallar ákvörðun um úthlutun starfslauna. Sé sótt um náms- eða ferðastyrk skal gera á skýran hátt grein fyrir tilgangi ferðarinnar eða tilhögun námsins.

Ákvæði úthlutunarnefndir að leggja sérstaka áherslu á tiltekna þætti við mat á umsóknum skal gerð grein fyrir því í auglýsingu. Stjórn listamannalauna ákveður að öðru leyti og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skuli fylgja umsóknum.

Auglýst skal eftir umsóknum eigi síðar en 15. október ár hvert og skal umsóknarfrestur að jafnaði vera eigi skemmri en tveir mánuðir. Miðað skal við að úthlutun starfslauna listamanna verði lokið fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. laga um listamannalaun nr. 35/1991 með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. um skipun úthlutunarnefnda fyrir 15. ágúst ár hvert, skal skipa úthlutunarnefndir eigi síðar en 1. október 2004, vegna úthlutana á árinu 2005.

Menntamálaráðuneytinu, 27. september 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Valur Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, fluglaskoðunarhús á Neslandatanga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í því að 2 ha landbúnaðarsvæði á Neslandatanga, í landi Ytri-Neslanda, breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir og gömul náma um 0,4 ha við Neslandaveg breytist í bílastæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Fyrir liggur samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar, sbr. lög nr. 36/1974 um verndun Laxár og Mývatns í Suður-Pingeyjarsýslu, og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. september 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
784	23. sept.	Reglugerð um verndun hrygningar steinbíts á Látragrundi ...	1963
785	21. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Bjarnastaðir	1963
786	21. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarsvæði við Mjósund/Austurgötu	1964
787	6. sept.	Reglur um stærð og frágang minnismerkja í umdæmi kirkju- garða Reykjavíkurprófastsdæma	1964-1966
788	24. sept.	Auglýsing um deiliskipulag leikskóla við Helgamagrastræti, Akureyri	1967
789	27. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 679/1997 um lista- mannalaun	1967-1968
790	21. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, fuglaskoðunarhús á Neslandatanga	1968

